



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM INNLEIÐINGU REGLUGERÐAR VARÐANDI BEITINGU ÚTREIKNINGSADFERÐANNA
FYRIR EIGINFJÁRKRÖFUR FJÁRMÁLASAMSTEYPA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM INNLEIÐINGU REGLUGERÐAR UM
BEITINGU ÚTREIKNINGSADFERÐANNA FYRIR
EIGINFJÁRKRFUR FJÁRMÁLASAMSTEYPA

2021 nr. 19

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 20. september nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR
um innleiðingu reglugerða varðandi beitingu útreikningsaðferða fyrir eiginfjárkröfur
fjármálasamsteypa.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði sem falla undir lög nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

2. gr.
Útreikningur á eiginfjárgrunni og kjarnagjaldþoli.

Eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., skal við útreikning á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli samsteypunnar skv. IV. kafla laga nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, fylgja ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014, sbr. 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 45-53](#).

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 32. gr. laga nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, 84. gr. og a-lið 3. mgr. 17. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, [dagsetning]
Seðlabanki Íslands,

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri